

Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfirði

VELFERDARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 12. janúar 2016
Tilv.: VEL16010120/11.20.03

Efni: Óskað tilnefninga í samráðshóp vegna móttöku flóttafólks 2016.

Samkvæmt 12. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar, dags. 10. maí 2013, um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks, skipar ráðherra samráðshóp vegna stuðnings og aðlögunar við flóttafólk í hvert sinn sem gerður er sammingur við nýtt sveitarfélag, sbr. 11. gr. Samráðshópinn skipta tveir fulltrúar sveitarfélags, fulltrúi Rauða kross Íslands, fulltrúi deildar Rauða krossins í viðkomandi sveitarfélagi og fulltrúi velferðarráðuneytis sem er formaður hópsins. Verkefni samráðshópsins er að tryggja sem best samræmi og samhæfingu vegna móttöku og aðstoðar við flóttafólk og greitt flæði upplýsinga til flóttamannanefndarinnar og ráðuneytisins.


Undirritaður hefur verið sammingur milli velferðarráðuneytisins og Akureyrar, Hafnarfjarðar og Kópavogs og einnig Rauða krossins á Íslandi, um móttöku, aðstoð og stuðning við hóp flóttafólks 2016 - 2017. Hópurinn er flóttafólk frá Sýrlandi sem kemur frá Libanon. Skipað verður í samráðshópinn til eins árs.

Með vísan til framanritaðs er hér með óskað eftir tilnefningum tveggja fulltrúa af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar í samráðshópinn. Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar berist ráðuneytinu sem allra fyrst, ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng heirra aðila sem tilnefndir verða. Ekki er gert ráð fyrir að greidd verði þóknun fyrir setu í samráðshópnum.

Ráðuneytið vekur athygli á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeiri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Fyrir hönd félags- og húsnaðismálaráðherra


Bolli Þór Bollason


Margrét Sigurðardóttir